

Reykjavík 9. mars 2021

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).

Þingskjal 142, mál nr. 141.

Kirkjublaðið.is telur tillögu flutningsmanna vera rökrétta og ætti háttvirt Alþingi að samþykkja hana – meðal annars á grundvelli eftirfarandi raka:

1. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2013*, skulu starfshættir grunnskóla „mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.“ (bls. 32). Jafnframt má lesa í 2. gr. laga um grunnskóla frá 2008 að störf hans „skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar...“
2. Þess vegna leiðir það augljóslega af 2. lið hér að ofan að kristinfræða skuli getið í umræddri 2. mgr. 25. gr. á undan trúarbragðafræðum. Með því er fráleitt verið að gera lítið úr þeim fræðum heldur aðeins verið að ítreka kristna arfleifð íslenskrar menningar og mikilvægi hennar sem ætti að vera öllum ljós.
3. Biblíuþekkingu og menningarlæsi. Í bókmenntum, myndlist og annarri íslenskri menningu koma iðulega fyrir biblíuleg stef og tilvísanir sem börnum og ungmennum nútímans gengur verr en áður að átta sig á vegna þessa að biblíulegt menningarlæsi þeirra hefur dofnað. Leidd hafa verið rök að því að kunnáttu og færni í kristnum menningararfi þjóðarinnar hafi hrakað og er því full ástæða til að styðja við bakið á honum án þess að nokkurri rýrð sé varpað á önnur trúarbrögð.
4. Í ljósi þess sem hér segir að ofan er réttmætt að kristnum fræðum sé gert hærra undir höfði í skólakerfinu en nú er.
5. Að lokum má ítreka að kristin trú er traustur bandamaður lýðræðis, jafnréttis, kvenfrelsis og víðsýni – sjá til dæmis þessa umfjöllun í Kirkjublaðinu.is 6. mars sl:
<https://www.kirkjubladid.is/tru-og-lif/tru-og-vidsyni/>

Virðingarfyllt,

Hreinn S. Hákonarson,
ritstjóri Kirkjublaðsins.is

kirkjublaðið@kirkjublaðið.is